LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Fiskistofa

Eyþór Björnsson fiskistofustjóri

13. ágúst 2014

Efni: Beiðni um fjölgun veiðidaga á svæðum A og C

Landssamband smábátaeigenda vekur hér með athygli Fiskistofu á að aflatölur strandveiða á svæðum A og C sýna að ætlaðir hafa verið of fáir veiðidagar til að fullnýta útgefnar veiðiheimildir.

Vegna þessa fer Landssamband smábátaeigenda þess á leit við Fiskistofu að heimila strandveiðar á svæðunum á tímabilinu 18. til og með 21. ágúst.

Strandveiðibátum á svæði A verði heimilt að róa einn dag á tímbilinu og bátum á svæði C tvo daga.

Landssamband smábátaeigenda vekur sérstaka athygli á að á svæði D á enn eftir að veiða 207 tonn sem er 40% umfram það magn sem ætlað var til veiða í ágúst. Það eru því litlar líkur á að veitt verði umfram heildaraflaviðmiðun strandveiða 2014 með þeirri viðbót sem hér er farið fram á.

Virðingarfyllst,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is